



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Utanríkisráðuneytið
Rauðarástíg 25
150 Reykjavík
Gísli Rúnar Gíslason

Reykjavík 3. júní 2022
Tilv.: UMH22030061/9.0

Efni: Rannsóknarleyfi til handa fyrirtækisins Running Tide - umsögn

Vísað er til bréfs utanríkisráðuneytisins dags. 20. maí 2022, þar sem umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu er gefið tækifæri á að koma sjónarmiðum á framfæri varðandi ósk fyrirtækisins Running Tide Iceland ehf. um leyfi til að stunda vísindarannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Ráðuneytið vill nýta sér þetta boð og sendir hér með sín sjónarmið.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið styður veitingu rannsóknarleyfis til fyrirtækisins, sem miðar að því að skoða hvort hægt sé að binda kolefni á hafi úti í stórbörungum án þess að valda súrnun hafisins eða valda neikvæðum áhrifum á annan hátt á lífríki sjávar.

Ráðuneytið telur á hinn bóginn að stórfelldar aðgerðir í lífrænni kolefnisförgun á hafi séu ekki tímabærar og að skoða þurfi vel alþjóðlegar samþykktir, lagaleg álitamál og vísindalega þekkingu áður en lagt er af stað í slíka vegferð.

Ráðuneytið tekur einnig undir umsagnir frá Umhverfisstofnun, Hafrannsóknarstofnun og Landhelgisgæslunni, þar sem m.a. er bent á þætti sem þurfi að skoða betur, s.s. varðandi áhrif á lífríki og hvað gæti talist leyfisskilyrt varp í hafið.

Skoða þarf verkefni Running Tide og önnur slík í stærra samhengi varðandi sk. náttúrulegsniðir í loftslagsmálum og kolefnisbindingu í lífverum og lífmassa. Í baráttunni gegn loftslagsbreytingum eru náttúrulegsniðir mikilvægar, en þær miða að því að varðveita vistkerfi sem geyma kolefnisforða, s.s. skóga og mómýrar og efla bindingu kolefnis úr andrúmslofti með aðgerðum á borð við skógrækt og landgræðslu. Ísland hefur verið í fararbroddi ríkja sem vilja skoða og nýta slíkar náttúrulegsniðir. Mikil áhersla hefur verið á slíkar lausnir á landi, sem felast einkum í skógrækt og landgræðslu, auk verndar votlendis og endurheimt framræstra mýra. Ísland hefur beitt sér fyrir því að slíkar lausnir teljist gjaldgengar í viðkenndu kolefnisbókhalddi ríkja heims og hefur haft árangur sem erfiði, s.s. á sviði Kýótó-bókunarinnar.

Í kolefnisbókhalddi og loftslagsregluverki er losun og kolefnisbinding frá slíkum aðgerðum þó oftast nær aðskilin og með öðrum hætti en varðandi aðra losun, s.s. frá bruna jarðefnaeldsneytis og frá iðnerlum. Ástæðan er m.a. sú að mælingar á losun og bindingu eru oft ónákvæmar og einnig á stundum erfitt að gera greinarmun á þætti mannlegra athafna og náttúrulegra ferla. Einnig eru uppi áhyggjur um varanleika margra lausna, sbr. að gróðureldar geta eytt ávinningi af kolefnisbindingu á skömmum tíma.

Á Íslandi er staða þekkingar varðandi kolefnisbúskap skóga góð, en þar liggur einnig fyrir þróuð aðferðafræði á heimsvísu. Meiri óvissa er um mat á ávinningi af landgræðslu, en þar hefur þekking

batnað mikið með rannsóknum, þar sem íslenskir vísindamenn hafa unnið um margt frumkvöðlastarf. Einnig er töluverð óvissa um losun frá framræstu votlendi og ávinning af endurheimt þess. Þekking er þó nægileg til þess að fullyrða má að landgræðsla og endurheimt votlendis séu jákvæðar loftslagsaðgerðir, eins og skógrækt. Einnig eru aðstæður á Íslandi þannig að góðar vonir eru um varanleika náttúrulegna á landi til langs tíma og meiri en víða annars staðar, þar sem gróðureldar eru tiltölulega fátíðir hér og núverandi staða er afleiðing langrar landhagnunar, sem verið er að snúa við.

Þekking varðandi kolefnisbúskap í vistkerfum í hafi er almennt minni en á landi. Mikill áhugi er þó á möguleikum á náttúrulegnum í hafi og við strendur, s.s. varðandi vernd og endurheimt þaraskóga, fenjavíðarskóga og annarra vistkerfa. Rannsóknir sem miða að bættum upplýsingum um slíkt eru af hinu góða. Aðgerðir sem byggja ekki á niðurstöðum vísindalegra rannsókna gætu hins vegar í besta falli verið árangurslitlar, en í versta falli haft neikvæð áhrif á vistkerfi hafsins.

Í nýrri skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, IPCC (AR6 WGIII) er nokkuð fjallað um lausnir eins og þá sem hér er um rætt, en þar kemur skýrt fram að enn vantar talsvert upp á rannsóknir á kolefnisbúskap og kolefnisbindingu í vistkerfum í hafi, svo sem varðandi áhrif á lífríki almennt. Þá sé erfitt að leggja mat á bindingu kolefnis með aðgerðum í hafi og hversu varanleg hún getur talist. Mikilvægt er að fylgjast vel með því sem fram er sett á vettvangi IPCC um málið, þar sem IPCC er vísindalegur bakhjarl Loftslagssamnings S.þ. (UNFCCC), m.a. varðandi loftslagsbókhalda aðildarríkja samningsins.

Rétt er að benda á ákvörðun OSPAR-samningsins um vernd NA-Atlantshafsins nr. 1/2007, þar sem fram kemur að förgun og geymsla koldíoxíðs í hafrýminu og á hafsbotni sé bönnuð, en heimiluð að uppfylltum skilyrðum í jarðlögum undir hafsbotni. Í inngangsorðum með ákvörðuninni kemur fram að geymsla kolefnis í hafrýminu eða á hafsbotni sé ekki talin áreiðanleg binding kolefnis og að hún sé líkleg til að skaða lifandi auðlindir og vistkerfi í hafi og sé því ekki gagnleg mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum.

Skoða þarf betur þýðingu þessarar samþykktar fyrir áform Running Tide og aðrar hugmyndir um bindingu kolefnis á hafi úti. Ákvörðunin var tekin m.a. m.t.t. hugsanlegra áforma um förgun kolefnis frá mannlegri starfsemi sambærilegri þeirri sem fer fram m.a. við niðurdælingu og förgun kolefnis frá olíuvinnslu í jarðlög á hafsbotni. Einnig er rétt að geta þess að OSPAR-samningurinn ætlar í auknum mæli að skoða og meta mögulegar loftslagsaðgerðir í hafi, þ.á m. vernd og endurheimt vistkerfa m.t.t. geymslu og upptöku kolefnis. Mikilvægt er að vakta þessa umræðu og taka þátt í henni.

Ráðuneytið leggur áherslu á að íslenskir vísindamenn og eftirlits- og rannsóknastofnanir svo sem Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun verði áfram hafðar upplýstar um gang mála og leitað verið ráðgjafar hjá þeim um næstu skref, ekki síst ef um miklar breytingar á eðli eða umfangi starfseminnar eru fyrirhugaðar. Skoða þarf vel alþjóðlegar samþykktir á þessu sviði og leiðsögn viðurkenndra alþjóðasamtaka, s.s. IPCC og OSPAR-samningsins.

Fyrir hönd ráðherra

Halla Sigrún Sigurðardóttir

Hugi Ólafsson